

**Nr. 024 / 11 Herjólfur*****Farþegi slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2164  
Smíðaður: Noregi 1992, stál  
Stærð: 2222,4 brl. 3354 bt  
Mesta lengd: 70,7 m Skráð lengd: 67,6 m  
Breidd: 16,0 m Dýpt: 10,7 m  
Vél: Man B&W 5400 kw, 1992  
Áhöfn: 14



Herjólfur©Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Lögregluskýrsla  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 27. maí 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 1. mars 2011 var Herjólfur á siglingu frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja. Veður: S 20 m/sek. SV 5 m alda.

Samkvæmt lýsingu farþega var hann að koma neðan úr skipinu um bakborðs stigagang. Þegar hann steig inn í anddyri á fimmta þilfari lagðist skipið snögglega til stjórnborða og tók mikla dýfu svo hann missti fótanna og kastaðist þvert yfir rýmið.

Hann tilkynnti engum í áhöfn skipsins um atvikið en leitaði til læknis daginn eftir í Vestmannaeyjum.

**Við rannsókn kom fram:**

- að staðfesting fékkst um borð um að mjög vont veður var í umræddri ferð. Skipverjar kváðust hafa heyrt fyrst um atvikið tveimur dögum eftir að það gerðist.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.